



Mál nr. 263/2024
Nýtt deiliskipulag
Mosfellsbær
Sindri Birgisson, í umboði fyrir Mosfellsbæ

Efni: Tillaga að deiliskipulagi landbúnaðarsvæðis í landi Dallands, Mosfellsbæ

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda tillögu að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði að Stekk, landspildu úr Dallandi, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, -og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika tenginga ásamt vegsýn. Vegsýn er einn af megingrundvöllum umferðaröryggis. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga við þjóðvegi og er það mismunandi eftir vegflokkum og umferðarþunga, Nesjavallaleið (435-00) er tengivegur af tegund C8, þar á að vera 200–400 m á milli tenginga. Ef þessar öryggiskröfur eru ekki uppfylltar heimilar Vegagerðin ekki nýjar tengingar þó svo að fyrri tengingar séu til staðar, t.d. tengingar að frístundarhúsum og að/frá tünnum.

Vegagerðin vill benda á að af umferðaröryggis ástæðum eru ekki leyfð krossgatnamót sbr. á kortasjá Vg, móti Hafravatnsvegi (431-01).

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og bendir á að halda skal fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Katrín Halldórsdóttir,
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is